



Dalabyggð kt. 510694-2019 og Kvenfélagið Fjóla kt. 540409-0800 gera með sér eftirfarandi samning:

1.gr.

Markmið samnings þessa er að skilgreina afnot Kvenfélagsins Fjólu af Félagsheimilinu Árbliki. Samningurinn byggir á farsælu samstarfi samningsaðila.

2.gr.

Kvenfélagið Fjóla hefur aðstöðu í Félagsheimilinu Árbliki fyrir reglulega félagsfundi án endurgjalds en húsi og búnaði skal skila hreinu eftir notkun. Kvenfélagið Fjóla geymir búnað sinn í húsinu eftir þörfum og hefur til afnota tvo læsta skápa. Sá búnaður sem ekki er í læstum skápum getur verið til afnota fyrir aðra notendur hússins án endurgjalds.

3.gr.

Fyrir önnur afnot en tilgreind eru í 2. gr. skal greitt skv. gjaldskrá á hverjum tíma. Samkvæmt núgildandi gjaldskrá er ekki rukkuð húsaleiga vegna fjáröflunarviðburða skóla eða félagasamtaka í heimabyggð (á ekki við um dansleiki) en greiða skal kostnað við ræstingu. Heimilt skal vera að Kvenfélagið Fjóla sjái um ræstingu eftir eigin fjáröflunarviðburði í stað þess að greiða fyrir hana. Hafa skal samráð við húsvörð um fyrirkomulag á því.

Viðburðir þar sem greidd er full leiga hafa forgang fram yfir viðburði þegar ekki er greidd húsaleiga. Hægt er að sækja um til byggðarráðs um allt að 50% afslátt af kostnaði vegna viðburða.

4.gr.

Húsvörður félagsheimilsins Árbliks er tengiliður Dalabyggðar við Kvenfélagið Fjólu. Ágreiningur sem rísa kann vegna samnings þessa skal leystur með úrskurði byggðarráðs Dalabyggðar.

5.gr.

Samningur þessi gildir frá dagsetningu undirritunar til 31. desember 2022. Hann er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki byggðarráðs Dalabyggðar (sem er rekstrarstjórn félagsheimila í eigu sveitarfélagsins Dalabyggðar) og stjórnar Kvenfélagsins Fjólu.

Búðardal, . maí 2020

F.h. Dalabyggðar

F.h. Kvenfélagsins Fjólu

Vottar að undirskrift og dagssetningu:

Nafn

Kt.

Nafn

Kt.